

Verkferlar

í þjóðlendumálum



Forsætisráðuneytið
2014

Forsætisráðuneyti
1. útgáfa, mars 2014
ISBN 978-9935-9144-5-3

Vefslóð: forsaetisraduneyti.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Formáli	4
Þjóðlendum	5
Stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá	6
Umsögn um skipulagslýsingu	10
Umsögn um deiliskipulags- og aðalskipulagstillögu	11
Leyfi til nýtingar lands eða landsréttinda	12
Samþykki vegna leyfisveitinga sveitarfélaga	13
Fundur samstarfsnefndar um málefni þjóðlendra	14
Stofnun lóðar í fasteignaskrá	15
Beiðni um aðgang að þjóðlendum.....	17
Skýrsla send til Alþingis.....	18

Formáli

Megintilgangur þessara verkferla er að auðvelda vinnu við þjóðlendumál. Með þessu framtaki má finna á einum stað helstu upplýsingar við úrlausn flestra verkefna sem falla undir málaflokk þjóðlendna. Með gerð verkferlanna verður öll afgreiðsla erinda og annarra verkefna sem þarf að sinna vegna þjóðlendna samræmdar og skilvirkar. Með verkferlum skapast vettvangur þar sem auðvelt og aðgengilegt er að sjá framgang, úrvinnslu og framvindu mála innan ráðuneytisins. Auðvelt verður fyrir þá fjölmörgu aðila sem koma að þjóðlendumálum að átta sig á og fylgjast með hvernig hvert og eitt erindi er unnið.

Markmiðið með gerð þessara verkferla er að til séu heildstæðir verkferlar sem hægt er að vinna eftir og að vinnulag við afgreiðslu erinda sé samræmt. Verkferlarnir munu auðvelda starfsmönnum að vinna úr erindum tengdum þjóðlendum en fyrst og fremst auðvelda öðrum starfsmönnum sem kunna að koma að málum að setja sig inn í verkefni tengdum þjóðlendum.

Í þessari fyrstu útgáfu er að finna níu mismunandi verkferla. Með hverjum og einum verkferli má finna sniðmát af bréfum, kortum og öðrum skjölum. Auk þess sem skýringar er að finna við hvern og einn verkferil eins og þurfa þykir hverju sinni. Skýringunum er ætlað að útskýra hugtök og veita nánari leiðbeiningar um það verklag sem fram kemur í verkferlunum. Með hverjum verkferli fylgir markmið sem ætlað er að skýra hlutverk hans. Tilgreint er hvaða bréfalykill í skjalaskrá forsætisráðuneytisins skal notaður við vinnslu hvers verkefnis. Er það gert til að auðvelda aðilum að staðsetja viðkomandi mál með réttum hætti í málaskrá. Tilgreint er á hvaða lagagrundvelli viðkomandi verkefni byggir á. Auk þess sem tilgreint er hver ber ábyrgð á verkefninu og hvaða starfsmaður annast úrlausn þess.

Verkferlarnir voru unnir í janúar og febrúar 2014 af Regínu Sigurðardóttir, sérfræðingi og Sigurði Erni Guðleifssyni, lögfræðingi. Jafnframt komu Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri og Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur með greinargóðar athugasemdir við verkferlana. Ekki voru fyrir hendi neinir heildstæðir verkferlar eða verklag sem sýndi hvernig verkefni tengd þjóðlendumálum eru unnin, því var ákveðið að ráðast í gerð þessara verkferla.

Þjóðlendumur

Þann 1. júlí 1998 tóku gildi lög um þjóðlendumur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta. Með lögunum var sett á fót sjálfstæð stjórnsýslunefnd, óbyggðanefnd, sem ætlað er að kanna og skera úr um hvaða landsvæði teljast til þjóðlendna og hver eru mörk þeirra og eignarlanda. Í þeim tilvikum að máli lyktar með úrskurði eða dómi um þjóðlendumur kemur til kasta forsætisráðuneytis. Ráðuneytið skal þá fara með þau verkefni sem annars kæmi í hlut landeiganda að fjalla um og jafnframt sinna öðrum stjórnsýsluskyldum. Einnig er sveitarstjórnnum ætlað viðamikil hlutverk innan þjóðlendna. Ráðuneytinu til ráðgjafar er samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna. Eru öll erindi sem borin eru upp við ráðuneytin sem varða þjóðlendumur lögð fyrir nefndina sem aðstoðar við stjórn og ráðstöfun réttinda innan þjóðlendna

Innan þjóðlendna gildir sú meginregla að enginn megi hafa afnot af þjóðlendumur fyrir sjálfan sig. Til slíkra afnota telst meðal annars að reisa mannvirki, hvers konar jarðrask sem og nýting hlunninda, vatns- og jarðhitaréttinda. Öll slík afnot eru leyfisskyld. Í lögunum er leyfisveitingarhlutverkinu í þjóðlendumur skipt á milli ráðherra annars vegar og sveitarstjórna hins vegar. Nýting vatns- og jarðhitaréttinda, náma og önnur jarðefnanýting innan þjóðlendna er háð leyfi ráðherra ásamt nauðsynlegum afnotum af landi til hagnýtingar þessara réttinda. Er ráðherra jafnframt heimilt að ákvarða eða semja um endurgjald fyrir nýtingu ofangreindra réttinda. Að öðru leyti þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendumur. Hér fellur undir öll önnur nýting en ráðherra er falið að veita leyfi fyrir. Sé nýting heimilud til lengri tíma en eins árs þarf þó samþykki forsætisráðherra fyrir nýtingunni. Sveitarstjórn er með sama hætti og ráðherra heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að semja um endurgjald vegna afnota sem hún heimilar.

Auk ofangreinds er það eitt af meginhlutverkum forsætisráðuneytisins að veita umsagnir um skipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá

Markmið: Þjóðlenda fái fasteignanúmer og eignarheimildum sé þinglýst í þinglýsingarbækur.

Lagagrundvöllur: 2. mgr. 1. gr. og 14. gr. laga nr. 6/2001 og lög nr. 39/1978.

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.3

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur

Framkvæmd:

1. Umsókn um stofnun þjóðlendu undirbúin

- Ráðuneytið hefur samband við Landform ehf *¹ eftir að úrskurður óbyggðanefndar hefur verið kveðinn upp*² og óskar eftir að landspildublað fyrir viðkomandi þjóðlendu sé forunnið.*³
- Landform ehf. sendir forunnin drög að landspildublaði til yfirlestrar í ráðuneytinu.
- Ráðuneytið yfirfer drög að landspildublaði.*⁴
- Landspildublaðið er sent eins oft og þurfa þykir á milli Landforms ehf. og ráðuneytisins, þar til allar athugasemdir hafa komið fram og ráðuneytið er fullsátt við allan frágang á blaðinu.
- Þegar landspildublaðið er fullunnið er stofnað mál í málaskrá.*⁵
- Bréf sent til viðkomandi sveitarstjórnar (sjá skjal í viðauka).*⁶ með ákvörðun ráðuneytisins.*^{7.*8}
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.

2. Stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá

- Sveitarfélag sendir ráðuneytinu tilkynningu með erindi þess efnis að ósk ráðuneytisins um stofnun þjóðlendu hafi verið samþykkt.
- Sveitarfélagið sendir umsókn um stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá til Þjóðskrár Íslands.*⁹ Í framhaldinu afhendir ráðuneytið Landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands dwg-skrá af afmörkun þjóðlendu að beiðni stofnunarinnar.*¹⁰
- Tilkynning berst ráðuneytinu frá Landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands um að viðkomandi fasteign hafi verið úthlutað til matsmanna Þjóðskrár Íslands.*¹¹

3. Stofnun þjóðlendu í þinglýsingabók

- Bréf *¹² sent til sýslumanns, þar sem farið er fram á þinglýsingu eignarheimilda*¹³
*¹⁴
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Tilkynning berst frá sýslumanni um þinglýsingu eignarheimilda
- Bréf sent til sveitarstjórnar þar sem upplýst er um þinglýsingu eignarheimilda.

- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹ Landform ehf. sér um kortavinnslu á landspildublöðum samkvæmt samningi við ráðuneytið.

*² Ganga þarf úr skugga um hvort úrskurði óbyggðanefndar að hluta eða öllu leyti hafi verið skotið til dómstóla. Ef svo er þá þarf að biða eftir niðurstöðu dómstóla í málinu.

*³ Í forvinnu felst að landspildublað er teiknað upp í kortavinnsluforriti og drög að línur settar inn á kort. Hefðbundnar kortaþekjur (vatn, jöklar, strandlína, hæðarlínur, örnefni, sveitarfélagsheiti) einnig settar inn á landspildublaðið. Viðeigandi úrskurðarorð eða dómsorð send Landformi ehf. sem setur þau á landspildublaðið.

*⁴ Bera þarf saman allar línur sem settar eru fram á landspildublaðinu við úrskurð óbyggðanefndar eða dómsorð dómstóla. Lesa þarf línur nákvæmlega frá punkti til punkts og passa að línur séu dregnar rétt í samræmi við úrskurð óbyggðanefndar eða dóma. Sé lýsing á línur í úrskurði eða dómi tvísýn eða ónákvæm, skal láta textann ráða, en hann er ávallt réttþærri en hnit og afmarkanir sem fram koma á landspildublaðinu. Tryggja þarf að rétt sveitarfélagsheiti sé á landspildublöðunum og athuga hvort öll þjóðlendan sé örugglega innan þess sveitarfélags. Sé viðkomandi þjóðlenda innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga, þarf að skipta þjóðlendunni upp eftir sveitarfélagamörkum og útbúa sérlandspildublað fyrir hvern hluta/hvert sveitarfélag. Liggi tvær línur samsíða, þarf að setja eftirfarandi texta inn á landspildublaðið: „Línur sem liggja samsíða hafa sömu staðsetningu.“ Á landspildublaðinu er tilgreint hvaða réttindi fylgja viðkomandi fasteign (afréttur/afréttareign) og tilvísun í úrskurð óbyggðanefndar og/eða dóma dómstóla. Við val á heiti fyrir viðkomandi fasteign skal notast við þau heiti sem koma fram í úrskurðarorðum óbyggðanefndar. Í einstaka tilfellum eru engin tiltekin heiti nefnd í úrskurðarorðum óbyggðanefndar (á frekar við um jökla) en þá skal nota lýsandi heiti fyrir svæðið sem jökullinn liggur að eða vísa í þekkt kennileiti eða örnefni við eða á jöklinum. Á landspildublaðinu þurfa eftirfarandi upplýsingar að koma fram: hnitaskrá, skýringar á táknum, flatarmál landspildu, landeigandi, fyrirsvarsmaður, tilvísun í réttan forsetaúrskurð, kennitala landeiganda (ísl. ríkisins), dagsetning, mælikvarði, hnitakerfi, vísun í leyfi frá Landmælingum Íslands, reitur til að setja inn landnúmer þjóðlendu (fasteignar), reitur til að setja inn samþykkt sveitarstjórnar. Liggi þjóðlenda yfir það stórt svæði að afmörkun hennar rúmast ekki fyrir á einu blaði þannig að öll örnefni sjáist skilmerkilega, er afmörkun þjóðlendunnar sett yfir á tvö landspildublöð (fyrir sömu þjóðlenduna), þannig að öll örnefni sjáist skýrt og vel. Þá er venjan að setja inn á landspildublaðið einhvers konar skýringu um að þetta sé blað 1 af 2 og svo á

seinna blaðið að þetta sé blað 2 af 2 fyrir viðkomandi þjóðlendu. Sé jökull innan þess svæðis sem afmarkað er á landspildublaðinu þarf að gæta þess að setja eftirfarandi texta með: „Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.“ Séu mismunandi réttindasvæði (hrein þjóðlenda, afréttur og afréttareign) innan sömu þjóðlendu þarf að aðgreina á milli mismunandi réttindasvæða og skipta þjóðlendunni í samræmi við það.

*⁵ Málið ber sama heiti og þjóðlendan sem farið er fram á að sé stofnuð.

*⁶ Í bréfinu kemur fram heiti fasteignar, hvaða réttindi fylgi viðkomandi fasteign (afréttur, afréttareign) og tilvísun í úrskurð óbyggðanefndar og/eða dóma dómstóla. Tilgreindur er landeigandi, kennitala landeiganda (ísl. ríkisins) og fyrirsvarsmaður. Í bréfinu er að finna úrskurðarorð óbyggðanefndar eða dómSORð dómstóla, þau sömu og koma fram á landspildublaðinu, þ.e. nákvæm lýsing á afmörkun þjóðlendu. Sé jökull innan þess svæðis sem afmarkað er í úrskurðarorðum óbyggðanefndar eða dómum dómstóla þarf að setja eftirfarandi texta með fyrir neðan lýsingu/afmörkun þjóðlendu: „Að því leyti sem fylgt er jökuljaðri er miðað við stöðu jökuls eins og hann var við gildistöku þjóðlendulaga 1. júlí 1998.“

*⁷ Ábyrgðarmaður og lögfræðingur undirrita bréf.

*⁸ Fylgiskjöl með bréfinu eru alltaf útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar og landspildublað. Það fer svo eftir því hvort viðkomandi mál hafi farið fyrir dómstóla, hvort dómur héraðsdóms eða dómur Hæstaréttar Íslands fylgi með.

*⁹ Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins setur sig í samband við Guðjón Steinsson (deildarstjóra Skráningar -og matsdeildar) hjá Þjóðskrá Íslands (gs@skra.is). Hann sér um að skrá fasteignina í Landskrá fasteigna fyrir hönd skipulags- og byggingarfulltrúa. Skipulags- og byggingarfulltrúi getur ekki skráð þjóðlenduna sjálfur í Landskrá fasteigna þar sem ekki er um hefðbundna fasteign að ræða. Á þessu stigi fær fasteignin sem um ræðir landeignarnúmer. Eftir að Guðjón hefur skráð þjóðlenduna í Landskrá fasteigna, afhendir skipulags- og byggingarfulltrúi umsóknina og mæliblaðið (landspildublaðið) til Þjóðskrár með hefðbundnum hætti eins og hverja aðra fasteign. Landupplýsingadeild Þjóðskrár yfirfer mæliblaðið (landspildublaðið), umsókn og forskráningu sem hefur verið skráð í Landskrá fasteigna.

*¹⁰ Ráðuneytið óskar eftir við Landform ehf. að dwg- skrá viðkomandi þjóðlendu sé afhend Landupplýsingadeild Þjóðskrár Íslands sem setur dwg-skrá af landspildublaðinu í landupplýsingakerfi. Þá er mögulegt að yfirfara afmörkun og skráða landstærð með tilliti til annarra landeigna sem þegar eru skráðar.

*¹¹ Matsmenn reikna út fasteignarmat á forskráðu fasteigninni.

*¹² Bréfið er sent í kjölfarið á tilkynningu frá Þjóðskrá Íslands um að þjóðlenda hafið verið stofnu (í fasteignaskrá) og bíði staðfestingar hjá sýslumanni og hægt sé að þinglýsa eignarheimildum á fasteignina.

*¹³ Þau gögn sem fylgja bréfinu og þinglýsa skal eru: útdráttur úr úrskurði óbyggðanefndar sem birtur er í Lögbirtingarblaði ásamt dómi sem fallið hefur um málið og landspildublað þar sem fram kemur samþykki sveitarstjórnar eða skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir stofnun þjóðlendunnar. Sveitarfélagið skannar inn samþykkt landspildublað og sendir ráðuneytinu, stimplað með samþykki skipulags- og byggingarfulltrúa. Ef dómur hefur ekki fallið í máli um viðkomandi þjóðlendu er úrskurður óbyggðanefndar látinn fylgja bréfi til þinglýsingar ásamt samþykktu landspildublaði.

*¹⁴ Gögn sem send eru sýslumanni til þinglýsingar eru send í tvíriti og annað eintakið á löggildan skjalapappír.

Umsögn um skipulagslýsingu

Markmið: Koma á framfæri sjónarmiðum ráðuneytisins um fyrirhugaða uppbyggingu sveitarfélagsins og hafa áhrif á áform um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna.

Lagagrundvöllur: 2. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.6

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur

Framkvæmd:

- Skipulagslýsing berst með erindi*¹ frá sveitarfélagi.
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindisins send sveitarfélagi.
- Erindið sett á dagskrá næsta fundar samstarfsnefndar og gögn málsins send nefndarmönnum.
- Tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar.
- Ákvörðun tekin um afgreiðslu erindisins m.t.t. athugasemda samstarfsnefndar.
- Ákvörðun ráðuneytis send sveitarfélagi með bréfi.*²
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹Slíkt erindi getur borist með bréfi eða í tölvupósti.

*²Ábyrgðarmaður og starfsmaður undirrita bréf.

Umsögn um deiliskipulags- og aðalskipulagstillögu

Markmið: Koma á framfæri sjónarmiðum ráðuneytisins um fyrirhugaða uppbyggingu sveitarfélagsins og hafa áhrif á áform um nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna.

Lagagrundvöllur: 2. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.6

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur

Framkvæmd:

- Skipulagstillaga berst með erindi*¹ frá sveitarfélagi.
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindisins send sveitarfélagi.
- Erindið sett á dagskrá næsta fundar samstarfsnefndar og gögn málsins send nefndarmönnum.
- Tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar.
- Ákvörðun tekin um afgreiðslu erindisins m.t.t. athugasemda samstarfsnefndar.
- Ákvörðun ráðuneytis send sveitarfélagi með bréfi.*²
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹Slíkt erindi getur borist með bréfi eða í tölvupósti.

*²Ábyrgðarmaður og starfsmaður undirrita bréf.

Leyfi til nýtingar lands eða landsréttinda

Markmið: Hafa stjórn á umfangi og skilyrðum fyrir nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna að teknu tilliti til sjónarmiða um sjálfbæra nýtingu og verndargildi þjóðlendna.

Lagagrundvöllur: 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.1 eða 9.1.4*¹

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur

Framkvæmd:

- Umsókn berst með erindi*² frá tilvonandi leyfishafa.
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindisins send umsóknaraðila.
- Leitað umsagnar þess sveitarfélags þar sem umbeðin nýting er fyrirhuguð
- Leitað umsagnar annarra aðila.*³
- Umsókn sett á dagskrá næsta fundar samstarfsnefndar og gögn málsins send nefndarmönnum.
- Tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar.
- Ákvörðun tekin um afgreiðslu erindisins m.t.t. athugasemda samstarfsnefndar og umsagna sem berast.
- Ákvörðun ráðuneytis send til umsóknaraðila með bréfi.*⁴
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹ Undir bréfalykli 9.1.1 eru almenn leyfi en undir lykli 9.1.4 leyfi til nýtingar auðlinda.

*²Slíkt erindi getur borist með bréfi eða í tölvupósti.

*³Þar koma til skoðunar m.a. Orkustofnun, Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga.

*⁴Ábyrgðarmaður og starfsmaður undirrita bréf.

Samþykki vegna leyfisveitinga sveitarfélaga

Markmið: Tryggja að leyfi sveitarfélaga fyrir nýtingu lands og landsréttinda innan þjóðlendna séu í samræmi við lög, reglur og góða stjórnsýsluhætti. Ásamt því að stefna ekki verndargildi þeirra í hættu og taka tillit til sjónarmiða um sjálfbæra nýtingu.

Lagagrundvöllur: 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.1

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Sigurður Örn Guðleifsson, lögfræðingur

Framkvæmd:

- Leyfi sveitarfélags með fyrirvara um samþykki ráðuneytisins berst frá sveitarfélagi*¹ með erindi.
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindisins send sveitarfélagi.*²
- Upplýsinga um leyfisveitinguna aflað hjá sveitarfélaginu.*³
- Erindið sett á dagskrá næsta fundar samstarfsnefndar og gögn málsins send nefndarmönnum.
- Tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar.
- Ákvörðun tekin um afgreiðslu erindisins m.t.t. athugasemda samstarfsnefndar
- Ákvörðun ráðuneytis send til leyfishafa með bréfi.*⁴
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹Erindi getur einnig borist frá leyfishafa.

*²Ef erindi berst frá leyfishafa skal jafnframt senda afrit af staðfestingu á móttöku þess til sveitarfélags.

*³ Kanna skal hvort gætt hafi verið að auglýsingaskyldu og hvort framkvæmdin sé í samræmi við skipulagsáætlanir. Að auki skal kanna fyrirhugaða tímalengd leyfis, endurgjaldið, umfang nýtingar og annað sem þurfa þykir hverju sinni.

*⁴Ábyrgðarmaður og starfsmaður undirrita bréf.

Fundur samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna

Markmið: Nefndarmenn séu upplýstir fyrir fundi um mál sem koma eiga til afgreiðslu nefndarinnar og einnig að halda til haga ákvörðunum hennar og athugasemdum við einstök mál.

Lagagrundvöllur: 1. mgr. 4. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.7

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur

Framkvæmd:

- Í upphafi hvers árs skal stofna nýtt mál þar sem allar fundargerðir viðkomandi árs eru vistaðar.
- Dagsetning og fundartími næsta fundar ákveðin á fundi nefndarinnar.
- Fundarboð sent til fundarmanna.*¹
- Fundargögn send nefndarmönnum eigi síðar en viku fyrir fundardag.
- Fundargerð rituð á fundi.
- Fundargerð síðasta fundar skal send nefndarmönnum eigi síðar en að viku liðinni ásamt fundarboði næsta fundar.
- Skipulags- og byggingarfulltrúar eru upplýstir um næsta fund nefndarinnar samhliða því að nefndarmönnum er sent fundarboð næsta fundar.
- Í lok hvers árs er máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹ Í fundarboði skulu koma fram dagsetning, lengd og staðsetning fundar auk upplýsinga um að gögn muni berast eigi síðar en einni viku fyrir fundinn.

Stofnun lóðar í fasteignaskrá

Markmið: Lóðir innan þjóðlendna séu skráðar í Landskrá fasteigna.

Lagagrundvöllur: 14. gr. laga nr. 6/2001

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.8

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur

Framkvæmd:

- Erindi^{*1} berst frá sveitarfélagi þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð innan þjóðlendu.^{*2}
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindis send sveitarfélagi.
- Erindið sett á dagskrá næsta fundar samstarfsnefndar um málefni þjóðlendna og gögn málsins send nefndarmönnum.
- Gengið úr skugga um að sú þjóðlenda þar sem fyrirhugað er að stofna lóð sé til í fasteignaskrá og hafi landeignarnúmer.^{*3}
- Arkitektastofa eða verkfræðistofa beðin um mæliblað undirritað af hönnuði og í þríriti.
- Erindið tekið fyrir á fundi samstarfsnefndar
- Ákvörðun tekin um afgreiðslu erindisins m.t.t. athugasemda samstarfsnefndar.^{*4}
- Ákvörðun ráðuneytis send sveitarfélagi með bréfi.^{*5}
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra.
- Máli lokað í málaskrá.^{*6}

Skýringar:

^{*1}Slíkt erindi getur borist með bréfi eða í tölvupósti.

^{*2}Áður en sveitarfélag óskar eftir umsókn um stofnun lóðar þarf framkvæmdaraðili að óska eftir leyfi sveitarfélags til að hefja framkvæmdir, uppbyggingu eða úrbætur á tiltekinni lóð innan þjóðlendu. Framkvæmdaraðili útbyr mæliblað (hnitsettan uppdrátt) af fyrirhugaðri framkvæmd.

^{*3}Sé viðkomandi þjóðlenda ekki skráð í fasteignaskrá er ekki hægt að verða við ósk sveitarfélagsins þar sem fyrst verður að stofna viðkomandi þjóðlendu í fasteignaskrá áður en hægt er að stofna lóð innan hennar.

^{*4}Í afgreiðslunni felst að útfyllt er umsóknareyðublað Þjóðskrár Íslands nr. F-550 og bréf sent sveitarfélaginu þar sem ráðuneytið fer fram á að viðkomandi lóð sé

stofnuð í fasteignaskrá. Fylgiskjöl með bréfi eru; mæliblað undirritað af hönnuði og útfyllt umsóknareyðublað Þjóðskrár Íslands nr. 550.

*⁵Ábyrgðarmaður og starfsmaður undirrita bréf. Sveitarfélagið sér svo um að klára stofnun lóðarinnar í samvinnu við Þjóðskrá Íslands, sbr. ferlið við stofnun þjóðlendu í fasteignaskrá.

*⁶ Máli er ekki lokað í málaskrá fyrr en staðfesting hefur borist frá Þjóðskrá Íslands þess efnis að búið sé að stofna viðkomandi lóð í Landskrá fasteigna.

Beiðni um aðgang að þjóðlendulínunum

Markmið: Afhenda með stafrænum hætti gögn sem sýna mörk þjóðlendna.

Lagagrundvöllur: 5. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 140/2012

Bréfalykill ráðuneytisins: 9.1.9

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur

Framkvæmd:

- Beiðni um aðgang að stafrænum þjóðlendulínunum*¹ berst ráðuneytinu.*²
- Mál stofnað í málaskrá og staðfesting á móttöku erindis send umsóknaraðila.
- Umsókn um aðgang könnuð með tilliti til upplýsingalaga og ákvörðun tekin um afhendingu gagna.
- Ákvörðun ráðuneytis send umsóknaraðila með tölvupósti og umbeðnum gögnum.*³
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

*¹ Þjóðlendulínur eru stafrænar línur sem sýna afmörkun þjóðlendna og mörk þjóðlendna og eignarlanda.

*² Beiðni berst í flestum tilvikum rafrænt í tölvupósti. Sá sem óskar eftir gögnum skal senda ítarlegar upplýsingar um hvaða gögn viðkomandi óskar eftir, á netfangið postur@for.is.

*³ Landform ehf. hefur aðgang að þeim stafrænu línunum sem ráðuneytið hefur umsjón með. Landform ehf. er beðið um að afhenda viðkomandi gögn með tölvupósti til þess sem óskar gagnanna. Landform sendir gögnin í tölvupósti með afriti til starfsmanns. Fyrirvarar eru ávallt settir séu stafrænar línur afhentar (sjá skjal í viðauka).

Skýrsla send til Alþingis

Markmið: Að skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands- og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi, sé lögð fram á Alþingi.

Lagagrundvöllur: 5. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998

Bréfalykill ráðuneytisins: 0.1.6 og 9.1.0 ^{*1}

Ábyrgð: Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri

Starfsmaður: Regína Sigurðardóttir, sérfræðingur

Framkvæmd:

- Þegar skýrslan er fullfrágengin í word-skjali af hálfu ráðuneytisins er hún send í prentun til Prentsmiðjunnar Odda ^{*2}
- Skýrslan send rafrænt til Alþingis á stjornarskjol@althingi.is ^{*3}
- Bréf ^{*4} sent til forseta Alþingis ^{*5}
- Ljósrit af bréfi afhent skjalastjóra
- Máli lokað í málaskrá.

Skýringar:

^{*1} Undir bréfalykli 0.1.6 eru skýrslur ráðherra til alþingis en bréfalykill 9.1.0 er almennt um málefni þjóðlendna.

^{*2} Jón Hermannsson (jonherm@oddi.is) hjá Prentsmiðjunni Odda hefur annast prentun á skýrslum fyrir ráðuneytið undanfarin ár. Senda þarf bæði word-skjalið af skýrslunni sem og PDF-skjal af skýrslunni í tölvupósti til Jóns. Með tölvupóstinum fylgir eftirfarandi texti: „Sendi hér með skýrslu sem beðið er um að lögð verði fram á Alþingi. Skýrslan er fullfrágengin af minni hálfu og tilbúin til prentunar. Skýrslan skal vera í lit og prentuð í hefðbundnum fjölda eintaka. Vinsamlegast staðfestið móttöku á öllum skjölum“. Stundum sendir Prentsmiðjan Oddi link til baka á skýrsluna, sem þarf að staðfesta og samþykkja hverja blaðsíðu áður en hún fer í prentun.

^{*3} Senda þarf bæði word-skjalið af skýrslunni sem og PDF-skjal af skýrslunni. Með tölvupóstinum fylgir eftirfarandi texti: „Hjálögð er skýrsla sem beðið er um að lögð verði fram á Alþingi. Skýrslan er fullfrágengin af okkar hálfu og tilbúin til prentunar. Vinsamlegast staðfestið móttöku á öllum skjölum“

^{*4} Í bréfinu skaleftirfarandi standa: „Hér með sendist yður herra/frú forseti, skýrsla um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir

slík réttindi sem forsætisráðherra óskar eftir að leggja fyrir Alþingi, sbr. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta“. Undir bréfið skrifa ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri.

*⁵ Bréfið er ekki sent til forseta Alþingis fyrr en ráðuneytisstjóri/skrifstofustjóri gefa heimild fyrir á að bréfið megi fara til forseta Alþingis og skýrslan lögð fram á Alþingi.